



## UPPLÝSINGAR

130276-3189  
Klukkuvellir 44  
221 Hafnarfjörður  
hildurkristjans@gmail.com  
898-8018

## KYNNING FRAMBJÓÐANDA

## VEGNA FRAMBOÐS TIL STJÓRNAR FSL

21. FEBRÚAR 2018

## Starfsferill

Ég hef starfað sem aðstoðarleikskólastjóri í Heilsuleikskólanum Hamravöllum í Hafnarfirði frá hausti 2014. Þar áður starfaði ég sem deildarstjóri í sama leikskóla frá hausti 2010. Áður hef ég unnið sem ófaglærður starfsmaður á leikskóla. Einnig hef ég góða reynslu af störfum við bókhald.

## Menntun

Ég lauk B.Ed gráðu í grunnskólakennarafræðum frá Kennaraháskóla Íslands vorið 2006 og viðbótardiplómanámi í uppeldis- og menntunarfræði með áherslu á stjórnun frá Háskóla Íslands vorið 2017. Ég er með leyfisbréf sem leikskólakennari.

## Ástæða framboðs

Ég hef mikinn áhuga á uppeldis- og menntamálum og í dag eru mér sérstaklega hugleikin málefni er varða framtíð leikskólamála á Íslandi. Ég brenn fyrir því að gera leikskóla að eftirsóttum stað þar sem starfsfólk og börn geta blómstrað og þroskast í sameiningu.

Helstu baráttumál mín eru starfsaðstæður barna og starfsfólks í leikskólum og mun ég þar einkum horfa til viðverutíma barna, vinnuskyldu starfsfólks, fjölda barna í rými, fjölda barna pr. starfsfólk o.fl.

Ég lít á setu í stjórn FSL sem tækifæri til að hafa áhrif á framtíðina og koma góðu til leiðar. Ég mun leggja mig fram við að starfa af heilindum í þágu viðkomandi aðila með sanngirni að leiðarljósi. Ég er óhrædd við að segja sannleikann og láta mínar skoðanir í ljós.

## Einkalífið

Ég er gift tveggja barna móðir og bý í Hafnarfirði. Ég hef áhuga á ferðalögum og heilbrigðu lífni.

Virðingarfyllst,  
Hildur Arnar Kristjánsdóttir

